

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Bakkabraut 5d. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 22. janúar 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bakkabraut 5d. Í breytingunni felst breytt skráning á 120 m² rými neðri hæðar úr iðnaðarhúsnæði í íbúðarhúsnæði.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Tónahvarf 2. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 12. mars 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Tónahvarf 2. Í breytingunni felst að stofna nýja lóð, Tónahvarf 2 sem er 5.600 m² að stærð og koma fyrir athafnahúsi á þremur hæðum og kjallara. Skipulagssvæðið sem er um 0,8 ha afmarkast af Vatnsendavegi til norðurs, fyrirhuguðum Arnarnesvegi til vesturs, Tónahvarfi 4 til suðurs og Tónahvarfi 3 til austurs. Samþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir 90 m háum fjarskiptaturni á deiliskipulagssvæðinu. Núverandi götur liggja innan afmörkunar og koma til með að breytast. Hámarksvegghæð er 15 metrar á norðurhlið og á suðurhlið 12 metrar. Hámarksþakhæð er 15 metrar. Þakform er frjálst. Aðkoma og fjöldi bílastæða breytist og er gerð krafa um eitt bílastæði á hverja 50 m² atvinnuhúsnæðis. Hámarksbyggingarmagn er 3.360 m² en 3.800 m² með niðurgrafinni bílageymslu. Að öðru leyti er vísað í gildandi deiliskipulag.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Fossvogsbrún 2a. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 12. mars 2019 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogsbrún 2a. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar um 35 m² til norðurs og 21 m² til vesturs eða samtals um 56 m². Heildarstærð byggingarreits lóðarinnar eftir breytingu verður því 656 m².

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 28. mars 2019.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.